

**Tilmæli 13/2015**

Fyrri númer:
A 1645

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10

Síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún setji á laggirnar samstarfsnet með áherslu á fullorðna sem búa við síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis, skipað aðilum með haldgóða hæfni á þessu sviði úr opinberum geira, einkageira og félagasamtökum. Netið fundi árlega sem hvatning til norrænnar nytsemi, og samlegðaráhrifa milli rannsókna, frumkvöðlastarfsemi, hins opinbera samfélags og þriðja geirans;

að hún taki saman skýrslu um „Grønlandsmodellen – Rejseholdet“, þar sem greint er frá aðdragandanum að verkefninu, starfsaðferðum og aðgerðum lýst og ennfremur tillögum að breytingum sem gera þyrfti til að aðlaga að aðstæðum annars staðar á Norðurlöndum;

að hún bæti vandanum vegna ofbeldis gegn börnum og fullorðnum við verksvið Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og einnig við gerð áætlunar á heilbrigðis- og félagsmálasviði á Norðurlöndum;

að hún þróa menntunaráætlanir sem sniðnar eru að ólíkum starfsstéttum sem vinna með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðna sem búa við síðbúnar afleiðingar þess, með það fyrir augum að efla almennar lýðheilsuáætlanir á Norðurlöndum;

að hún efli rannsóknir; grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og öndvegisrannsóknir norrænna stofnana til þess að tryggja að pólitískar ákvarðanir byggji á þekkingargrunni á öllum sviðum meðferðar og annarrar vinnu með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðnum sem búa við síðbúnar afleiðingar þess.

Kaupmannahöfn, 3. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 13/2015

Fyrri númer:
A 1645

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10

Nefndartillaga um fullorðna sem búa við síðbúna afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku

Tilmæli 13/2015

1. Tillaga nefndarinnar

Velferðarnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún setji á laggirnar samstarfsnet með áherslu á fullorðna sem búa við síðbúna afleiðingar kynferðislegs ofbeldis, skipað aðilum með haldgóða hæfni á þessu sviði úr opinberum geira, einkageira og félagasamtökum. Netið fundi árlega sem hvatning til norrænnar nytsemi, og samlegðaráhrifa milli rannsókna, frumkvöðlastarfsemi, hins opinbera samfélags og þriðja geirans;

að hún taki saman skýrslu um „Grønlandsmodellen – Rejseholdet“, þar sem greint er frá aðdragandanum að verkefninu, starfsaðferðum og aðgerðum lýst og ennfremur tillögum að breytingum sem gera þyrfti til að aðlaga að aðstæðum annars staðar á Norðurlöndum;

að hún bæti vandanum vegna ofbeldis gegn börnum og fullorðnum við verksvið Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og einnig við gerð áætlunar á heilbrigðis- og félagsmálasviði á Norðurlöndum;

að hún þrói menntunaráætlanir sem sniðnar eru að ólíkum starfsstéttum sem vinna með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðna sem búa við síðbúna afleiðingar þess, með það fyrir augum að efla almennar lýðheilsuáætlanir á Norðurlöndum;

að hún efli rannsóknir; grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og öndvegisrannsóknir norræna stofnana til þess að tryggja að pólitískar ákvarðanir byggji á þekkingargrunni á öllum sviðum meðferðar og annarrar vinnu með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðnum sem búa við síðbúna afleiðingar þess.

2. Aðdragandi

Velferðarnefndinni er kunnugt um að í formennskuáætlun Dana árið 2015, „Vöxtur, velferð og gildi“ er lagt til eftirfarandi: Að komið verði á fót norrænu samstarfsneti um síðbúna afleiðingar kynferðisofbeldis með það að markmiði að kortleggja þetta viðfangsefni á Norðurlöndum í heild. Í áætlun á sviði félags- og heilbrigðismála er minnst á málþing: „Um fullorðna sem búa við síðbúna afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku“ sem haldið var á Grænlandi í maí/júní (2015). Hér var áherslan lögð á skipulagningu aðgerða í löndunum ásamt viðfangsefnum og sóknarfærum. Markmiðið með ráðstefnunni var að rjúfa bannhelgi sem umvefur síðbúna afleiðingar kynferðislegs ofbeldis. Fullorðnir sem orðið hafa fyrir áföllum í æsku eiga oft við félagsleg vandamál að stríða og þjást af geðrænum kvillum, oft með fleiri en einni greiningu. Velferðarnefnd veitir því athygli að algengustu greiningarnar eru áfallastreituröskun, kvíði og þunglyndi. Síðbúna afleiðingar geta einnig birst í misnotkun vímuefna, skorti á sjálfstrausti, sjálfsmeiðingum, sjálfsvígshugleiðingum, kynferðislegri hegðun og átröskunum svo eitthvað sé nefnt.

Fyrri númer:
A 1645

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10

Samstarf tengslaneta á Norðurlöndum

Velferðarnefnd er það ljóst að mjög mikilvægt væri að ná saman norrænu tengslaneti með þekkingu á ólíkum fagsviðum hins opinbera, fræðimenn, sálfræðinga, sérfræðinga, lækna, geðlækna og fulltrúa frjálsra félagasamtaka, stjórnámalamenn, saksóknara, rannsakendur og fleiri.

Norðurlandaráð

Tilmæli 13/2015

Velferðarnefndin sér að slíkt tengslanet er með til að miðla þekkingargrunni og getur lagt fram góð dæmi, sem má miðla og ræða og geta skapað grundvöll að lagfæringum og frekari þróun á þessu mjög flókna máli, sem einnig flækist vegna þess að mörg fagsvið koma við sögu. Velferðarnefnd hefur sannreynt að öll Norðurlöndin og Grænland, Færeyjar og Álandseyjar þróa margar góðar lausnir sem geta verið fyrirmyndir þvert á löndin, sem má sníða að innlendum þörfum og sérþörfum og geta veitt norrænt notagildi.

Fyrri númer:
A 1645

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10

„Grønlandsmodellen – Rejseholdet“ („Grænlandslíkanið – Farteymið“)

Velferðarnefndin veitir því athygli að hafin hefur verið notkun á meðferðarlíkani sem kallast „Rejseholdet“ („Farteymið“). Vinna farteymisins felst í þessu samhengi í hópi meðferðaraðila sem ferðast um á Grænlandi til að veita fullorðnum, sem búa við síðbúnaðar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku, meðferð. Þessi vinna fer fram í ólíku ferli eins og: Skipulagning ferðar, Könnunarferð, Vitjun og Meðferðarferð.

Áherslan á meðferðarvinnuna frá sjónarhorni síðbúinna afleiðinga er yfirfærslan frá samfélagi sameignarstefnu í samfélag einstaklingshyggju. Meðferðaraðferðir eru m.a. „grænlandsvædd“ útgáfa af áfallamiðaðri hugrænni atferlismeðferð sem og „neuroaffective“ sálfræðimeðferð, sem eru gagnreyndar meðferðaraðferðir. Í meðferðarferlinu er virk notkun samstillingarsviðsins í tengslum við skjólstæðinginn, meðferðaraðilinn kemur til móts við skjólstæðinginn þar sem skjólstæðingurinn er staddur með skilningarvit, tilfinningar og hugsanir.

Velferðarnefndin veitir því athygli að nýlega (2015), kom út skýrsla á Grænlandi sem heitir: „Unge i Grønland med fokus på seksualitet og seksuelle overgrep“. („Ungmennin á Grænlandi með áherslu á kynferði og kynferðislegt ofbeldi“) Ráðuneyti fjölskyldu- og dómsmála í grænlandsku heimastjórninni vildi fá breiðari mynd af afleiðingum þess til lengri tíma lítið fyrir og börn og ungmenni að lenda í kynferðislegu ofbeldi. Velferðarnefndin veitir því athygli að skýrslan sýnir fram á verulega neikvæðar afleiðingar í tengslum við kynferðislegt ofbeldi. Stór hluti þeirra vandamála sem Grænland stendur andspænis hvað varðar ungu kynslóðina tengist kynferðislegu ofbeldi. Velferðarnefndin veitir því athygli að heimastjórnin lítur á þessa skýrslu sem „þáttaskil“, þar sem ný gögn og þekking veita upplýsingar til að geta hafið nýjar viðeigandi aðgerðir og meta og stilla af núverandi aðgerðir.

Af hálfu Grænlands hefur meðal annars Martha Lund Olsen Naalakkersuisoq (ráðherra) á félags-, fjölskyldu- og jafnréttissviði, tekið virkan og lifandi þátt til að koma á beinum aðgerðum á grundvelli tölfræðilegs efnis, sem meðal annars má finna í skýrslunni „Unge i Grønland“. Víða má sjá tölfræðilega marktækt samhengi á milli margra rannsakaðra tilvika í lífi ungmennanna og þeirrar staðreyndar að ungmennin hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Í öllum tilvikum er um að ræða langvarandi neikvæð áhrif.

(Skýrsla: „Unge i Grønland“: 7. kafli: Samantekt og samhengi <http://www.sfi.dk/rapportoplysninger-4681.aspx?Action=1&NewsId=4660&PID=9267>)

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Velferðarnefndin veitir því athygli að Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) hefur á sínu verksviði að stuðla að norrænu notagildi með menntun,

upplýsingagjöf, rannsóknnum, þróunarstarfi, myndun tengslaneta og alþjóðlegu samstarfi til að bæta félagspólitískt starf á Norðurlöndum. Velferðarnefndin sér að vandamál tengd ofbeldi, kynferðisofbeldi og áfalli í barnæsku með eftirfarandi síðbúnum afleiðingum á fullorðinsárum, ættu að vera hluti af þekkingarbanka NVC, sem heldur ráðstefnur í fremstu röð, framleiðir þemahefti og rannsóknarskýrslur fyrir öll Norðurlöndin. Velferðarnefndin veitir því athygli að hafnar hafa verið stórar rannsóknir um geðheilsu án þess að þetta mjög samsetta og flókna svið hafi verið sett á dagskrá. Velferðarnefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þess að taka málaflokkinn með undir fötlunarsviðið hjá NVC.

Efla rannsóknir; grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir, öndvegisrannsóknir

Mikilvægt er að hrinda af stað rannsóknarverkefnum eins fljótt og kostur er og þróa áfram þá þekkingu sem þegar er til staðar á Norðurlöndum. Velferðarnefndin sér þetta sem bráðnauðsynlegt verkefni í tengslum við geðheilsu og að það ætti að leggja áherslu á málefnið með fjármagni á fjárhagsáætlun á komandi árum.

Velferðarnefndin sér þessa áherslu á ofbeldi og síðbúna afleiðingar sem markvisst átak til að rjúfa félagslega og andlega erfitt ástand, sem getur stuðlað að minni þjáningum bæði fyrir einstaklinginn og fjölskylduna og tryggt betri framtíð fyrir þá sem í hlut eiga. Dæmi eru þess að börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, beiti sjálf yngri systkini eða önnur börn kynferðislegu ofbeldi, eða gerist brotleg á fullorðinsárum. Á þann hátt getur norræn samvinna stuðlað að minni hættu á slíkum „smitáhrifum“.

Velferðarnefndin tók á stórum hluta þessa máls í nefndartillögu árið 2008 „Áhrif ofbeldis í æsku á fullorðinsárin“ (A1454/velferd) Strax á þeim tíma lagði velferðarnefnd áherslu á að börn sem hafa sætt ofbeldi af einhverjum toga, kynferðislegu ofbeldi, ofbeldi í nánum samböndum, morðum og öðrum alvarlegum áföllum í æsku, birtast á nýjan leik í hjálparkerfinu sem einstaklingar með alvarlegar geðraskanir, margar sjúkdómsgreiningar, fíknivanda og líf í félagslegri eymd.

3. Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu leggur velferðarnefndin til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún setji á laggirnar samstarfsnet með áherslu á fullorðna sem búa við síðbúna afleiðingar kynferðislegs ofbeldis, skipað aðilum með haldgóða hæfni á þessu sviði úr opinberum geira, einkageira og félagsamtökum. Netið fundi árlega sem hvatning til norrænnar nytsemi, og samlegðaráhrifa milli rannsókna, frumkvöðlastarfsemi, hins opinbera samfélags og þriðja geirans;

að hún taki saman skýrslu um „Grønlandsmodellen – Rejseholdet“, þar sem greint er frá aðdragandanum að verkefninu, starfsaðferðum og aðgerðum lýst og ennfremur tillögum að breytingum sem gera þyrfti til að aðlaga að aðstæðum annars staðar á Norðurlöndum;

að hún bæti vandanum vegna ofbeldis gegn börnum og fullorðnum við verksvið Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og einnig við gerð áætlunar á heilbrigðis- og félagsmálasviði á Norðurlöndum;

að hún þróa menntunaráætlanir sem sniðnar eru að ólíkum starfsstéttum sem vinna með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðna sem búa við síðbúna

Norðurlandaráð

Tilmæli 13/2015

Fyrri númer:
A 1645

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10

afleiðingar þess, með það fyrir augum að efla almennar lýðheilsuáætlanir á Norðurlöndum;

að hún efli rannsóknir; grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og öndvegisrannsóknir norræna stofnana til þess að tryggja að pólitískar ákvarðanir byggi á þekkingargrunni á öllum sviðum meðferðar og annarrar vinnu með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og fullorðnum sem búa við síðbúnar afleiðingar þess.

Nuuk, 22. og 23. júní 2015

Velferðarnefnd:

Bente Stein Mathisen (H)

Christian Beijar (ÅSD)

Eeva-Maria Maijala (cent)

Helgi Abrahamsen (sb)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

*Penilla Gunther (KD) **Formaður***

Richard Jomshof (SD)

Sonja Mandt (A)

Menningar- og menntamálanefnd:

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Iddimanngiu Bianco (IA)

Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)

Jorodd Asphjell (A), formaður

Peter Johnsson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

Tilmæli 13/2015

Fyrri númer:

A 1645

Fjallað um í:

Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Málsnúmer 15-00114-10